

## REGLUGERÐ

### um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

#### 1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra tollkvótum samkvæmt viðaukum III B og IV B við tollalög nr. 88/2005 með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993.

#### 2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

<i>Tollskrárnúmer:</i>	<i>Vara</i>	<i>Tímabil</i>	<i>Vörumagn</i>	<i>Verðtollur</i>	<i>Magntollur</i>
			<i>kg</i>	<i>%</i>	<i>kr./kg</i>
0701.9001	Bökunarkartöflur, 65 mm eða stærri	01.07.-30.09.10	ótilgr.	0	0
0701.9009	Annars (kartöflur)	01.07.-01.08.10	ótilgr.	0	0
0701.9009	Annars (kartöflur)	02.08.-30.09.10	ótilgr.	0	60
0703.9001	Blaðlaukur	01.07.-30.09.10	ótilgr.	0	0
0704.1000	Blómkál og hnappað spergilkál	01.07.-01.08.10	ótilgr.	0	0
0704.1000	Blómkál og hnappað spergilkál	02.08.-30.09.10	ótilgr.	0	176
0704.9001	Hvitkál	01.07.-29.08.10	ótilgr.	0	0
0704.9001	Hvitkál	30.08.-30.09.10	ótilgr.	0	79
0704.9002	Rauðkál	01.07.-05.09.10	ótilgr.	0	0
0704.9002	Rauðkál	06.09.-30.09.10	ótilgr.	0	110
0704.9003	Kínakál	01.07.-04.07.10	ótilgr.	0	0
0704.9003	Kínakál	05.07.-30.09.10	ótilgr.	0	206
0704.9004	Spergilkál ( <i>Brassica oleracea</i> v. <i>Ita.</i> )	01.07.-30.09.10	ótilgr.	0	0
0706.1000	Gulrætur og næpur	01.07.-22.08.10	ótilgr.	0	0
0706.1000	Gulrætur og næpur	23.08.-30.09.10	ótilgr.	0	136
0706.9001	Gulrófur	01.07.-30.09.10	ótilgr.	0	0
0706.9002	Rauðrófur	01.07.-30.09.10	ótilgr.	0	0
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	01.07.-22.08.10	ótilgr.	0	0
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	23.08.-30.09.10	ótilgr.	0	193
0709.5100	Sveppir af ættinni <i>Agaricus</i>	01.07.-30.09.10	ótilgr.	0	80

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollskrárnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint, skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil.

#### 3. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

#### 4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 65. gr. og 65. gr. A laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og gildir til og með 30. september 2010.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 12. maí 2010.*

**Jón Bjarnason.**

*Arnór Snæbjörnsson.*